

# Fundargerð 470. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2025, miðvikudaginn 19. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 469. fundar - 2401001HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 469. fundar stjórnar Hafnasambandsins frá 24. janúar 2025 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Fundur með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra - 2211001HA**

Formaður gerði grein fyrir fundi sem Hafnasambandið á með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 3. mars 2025 kl. 11:00 og fór yfir helstu áherslumál er fara þarf yfir með ráðherra.

*Samþykkt að Lúðvík Geirsson, Alexandra Jóhannesdóttir og Gunnar Tryggvason mæti fyrir hönd stjórnar á fund ráðherra ásamt Bryndísi Gunnlaugsdóttur, starfsmanni Sambandsins.*

**3. Hafnafundur 2025 - 2411002HA**

Rætt um skipulag og undirbúning fyrir hafnafund 2025.

Hanna Björg Konráðsdóttir kom á fundinn kl.11:10

**4. Vorferð stjórnar Hafnasambands Íslands 2025 - 2411003HA**

Rætt var skipulagningu vorferðar stjórnar Hafnasambandsins 22.-23. maí 2025.

**5. ESA Conference - Navigating Challenges to Security and Resilience in European Ports - 2502001HA**

Lagt fram til kynningar boð á ráðstefnu eftirlitsstofnunar ESA - Navigating Challenges to Security and Resilience in European Ports sem haldin verður 29. apríl 2025 í Brussel.

**6. Kjarasamningur Félags skipstjórnarmanna - tryggingamál og starfsmat - 2502002HA**

Lagður fram til kynningar kjarasamningur milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags skipstjórnarmanna, dags. 24. janúar 2025.

**7. Stefnumörkun - skýrslugerð - 2211001HA**

Tekið fyrir að nýju, var áður á dagskrá 24. janúar 2025. Til umræðu var meðal annars rafræn vöktun hafna og miðlun upplýsinga rafrænt til tollgæslu Skattins.

*Formanni falið að vinna málið áfram.*

**8. Skýrslan Innviðir á Íslandi 2025 - ástand og framtíðarhorfur - 2502003HA**

Lögð fram til kynningar skýrslan Innviðir á Íslandi 2025 - Ástand og framtíðarhorfur, dags. í febrúar 2025.

Gunnar Tryggvason vék af fundi kl.11:45

**9. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd - 2502004HA**

Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd. Frumvarpinu er ætlað að bregðast við athugasemdum eftirlitsaðila ESA og færa ábyrgð á vinnu við áhættumat frá verndarfulltrúum hafna yfir á Samgöngustofu. Hafnir munu áfram yfirfara og láta uppfæra matið í samræmi við breyttar aðstæður hverju sinni.

Fundi var slitið kl. 12:15